

# 4. BEKKUR 2014

## STÆRÐFRÆÐI

Settu límmiðann  
innan rammans

# SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

## HEFTI II

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Skóli: \_\_\_\_\_


- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- **Notkun vasareiknis er heimil í þessu hefti.**
- Leyfð hjálpargögn eru kubbar, reglustika, talnagrind, spegill og vasareiknir.
- Sýndu útreikninga.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.




Í bekk með 24 nemendum var gerð könnun á gæludýraeign.

Átta nemendur áttu engin gæludýr, sex áttu kött, fjórir áttu hund, þrír áttu fugl, tveir áttu fiska og einn átti salamöndrur og froska.


### 19. Hvaða línurit sýnir gæludýraeign bekkjarfélaganna?




1



2



3



4

### 20. Hve margir áttu fugla, fiska og ketti?

1 6

2 8

3 11

4 24


21. Hvað þýðir tölustafurinn 6 í tölunni 13462?

- <sub>1</sub> 6  
<sub>2</sub> 60  
<sub>3</sub> 600  
<sub>4</sub> 6000


22. Inga bóksali pantaði 1398 bækur í bókabúðina. Bækurnar sem hún fékk voru aðeins 1348. Hve margar vantaði?

- <sub>1</sub> 5 einingar  
<sub>2</sub> 5 tugi  
<sub>3</sub> 5 hundruð  
<sub>4</sub> 5 þúsund


23. Hver þessara mynda hefur 2 speglunarása?




<sub>1</sub>



<sub>2</sub>



<sub>3</sub>



<sub>4</sub>

24. Í þremur kexpökkum eru 60 kexkökur. Það eru jafn margar kexkökur í hverjum pakka. Hvað eru margar kexkökur í einum pakka?

- <sub>1</sub> 10  
<sub>2</sub> 15  
<sub>3</sub> 20  
<sub>3</sub> 25

25. Í rútu eru 12 sætaraðir. Í hverri röð eru 4 farþegasæti. Hvað eru mörg sæti fyrir farþega í allri rúttunni?

- <sub>1</sub> 42  
<sub>2</sub> 44  
<sub>3</sub> 46  
<sub>4</sub> 48

26. Hver er næsta tala í talnarununni? 1 – 18 – 35 – 52 – \_\_\_\_

- <sub>1</sub> 61  
<sub>2</sub> 65  
<sub>3</sub> 69  
<sub>4</sub> 71

27. Fjórir bíómiðar kosta 2400 kr. Hvað kosta þá tveir miðar?

- <sub>1</sub> 600 kr.  
<sub>2</sub> 400 kr.  
<sub>3</sub> 800 kr.  
<sub>4</sub> 1200 kr.

28. Íþróttamót byrjar klukkan 14:30 og lýkur klukkan 16:40.  
Hve lengi stendur það yfir?

- <sub>1</sub> 210 mínútur  
<sub>2</sub> 2 tíma og 10 mínútur  
<sub>3</sub> 3 tíma og 20 mínútur  
<sub>4</sub> 6 tíma og 40 mínútur

29. Tinna á 18000 kr. í banka. Hún tekur út 3500 kr. til að eyða í skemmtigarðinum. Síðan tekur hún út 2900 kr. til að kaupa skóladót.  
Hvað á hún þá mikið eftir í bankanum?

- <sub>1</sub> 11600 kr.  
<sub>2</sub> 12400 kr.  
<sub>3</sub> 12600 kr.  
<sub>4</sub> 14500 kr.

30. Jakob byrjaði í tölvuleik klukkan hálf fimm síðdegis.  
Hann leit á úrið sitt þegar hann hætti.  
Hve lengi var leikurinn?

- <sub>1</sub> 1 klukkustund og 45 mínútur  
<sub>2</sub> 1 klukkustund og 15 mínútur  
<sub>3</sub> 45 mínútur  
<sub>4</sub> 85 mínútur




**31. Hvaða einingu er hentugast að nota við mælingu á hæð íbúðarhúss?**

- <sub>1</sub> cm
- <sub>2</sub> dm
- <sub>3</sub> km
- <sub>4</sub> m

**32. Hve margir kubbar eru í byggingunni?**

- <sub>1</sub> 22
- <sub>2</sub> 33
- <sub>3</sub> 36
- <sub>4</sub> 39



**33. Linda og Garðar kaupa skraut fyrir jólin. Þau kaupa kúlur fyrir 630 kr., kerti fyrir 564 kr. og seríur fyrir 980 kr. Þau fá 200 kr. afslátt því þau versla svo oft í búðinni. Hve mikið þurfa þau að borga?**

- <sub>1</sub> 1974 kr.
- <sub>2</sub> 2000 kr.
- <sub>3</sub> 2174 kr.
- <sub>4</sub> 2374 kr.

**34. Einn daginn fóru 1287 manns í göngu frá bílastæðinu við Kaldársel. Af þeim gengu 792 á topp Helgafells. Hve margir völdu aðra gönguleið en Helgafell?**

- <sub>1</sub> 495 manns
- <sub>2</sub> 515 manns
- <sub>3</sub> 1079 manns
- <sub>4</sub> 2079 manns

**35. Maren fer til vinkonu sinnar kl. 13:15. Pabbi hennar segir að hún eigi að koma heim eftir 1 klukkustund og 45 mínútur.**

**Hvað er klukkan þegar Maren á að koma heim?**

- <sub>1</sub> klukkan tvö
- <sub>2</sub> klukkan hálf þrjú
- <sub>3</sub> klukkan 15:30
- <sub>4</sub> klukkan þrjú

**36.** María átti 1000 kr. Hún keypti sér pylsu sem kostaði 225 kr., safafernu sem kostaði 150 kr. og poka af kartöfluf্লögum fyrir 275 kr.

**Hvað átti hún þá margar krónur eftir?**

- <sub>1</sub> 250 kr.  
<sub>2</sub> 350 kr.  
<sub>3</sub> 550 kr.  
<sub>4</sub> 650 kr.

**37.** Tommi fór að spila golf. Hann fékk lánaðar 6 golfkúlur hjá Heiðu áður en hann fór að spila. Á leið sinni um völlinn týndi hann einni kúlunni en var svo heppinn að finna 3 kúlur.

**Hve margar kúlur átti Tommi eftir að hann hafði gert upp við Heiðu?**


- <sub>1</sub> Hann átti enga kúlu.  
<sub>2</sub> Hann átti tvær kúlur.  
<sub>3</sub> Hann átti þrjár kúlur.  
<sub>4</sub> Hann skuldaði eina kúlu.

**38.** Anna á 17500 kr. í banka. **Hve lengi er hún að safna sér fyrir reiðhjóli sem kostar 30000 kr. ef hún safnar 2500 kr. í hverjum mánuði?**

- <sub>1</sub> 5 mánuði  
<sub>2</sub> 6 mánuði  
<sub>3</sub> 7 mánuði  
<sub>3</sub> 8 mánuði

**39.** Athugað var hvernig litur var á hjólum við skóla. Súluritið sýnir niðurstöðurnar. **Hver þessara staðhæfinga er rétt miðað við súluritið?**

- <sub>1</sub> Meira en helmingur hjólanna er gulur á litinn.  
<sub>2</sub> Minna en helmingur hjólanna er rauður á litinn.  
<sub>3</sub> Nákvæmlega helmingur hjólanna er gulur á litinn.  
<sub>4</sub> Nákvæmlega helmingur hjólanna er rauður á litinn.



**40.** Tvær heilar tölur, báðar stærri en 1, eru margfaldaðar saman og gefa okkur 57.  
**Hverjar eru tölurnar?**


- <sub>1</sub> 3 og 19  
<sub>2</sub> 4 og 13  
<sub>3</sub> 6 og 9  
<sub>4</sub> 7 og 8

**41.** Katrín býr til armbönd úr perlum. Hún notar 39 perlur í hvert armband.  
**Hvað þarf hún margar perlur til að búa til 4 armbönd?**

- <sub>1</sub> 117 perlur  
<sub>2</sub> 152 perlur  
<sub>3</sub> 156 perlur  
<sub>4</sub> 160 perlur

**42.** Hversu margir kubbar verða í byggingunni ef hún er 6 kubbar á hæð?


- <sub>1</sub> 42  
<sub>2</sub> 72  
<sub>3</sub> 180  
<sub>4</sub> 216



**43.** Í körfu í vinnuskúr voru 17 stakir fingravettlingar.  
**Hve margir fingur eru á þessum 17 fingravettlingum?**

- <sub>1</sub> 17  
<sub>2</sub> 34  
<sub>3</sub> 85  
<sub>4</sub> 170

Fjórir vinir ætla að fara í gegnum vöfundarhús. Þrír þeirra fara strax í gegn.  
 Elli fer suður 4 reiti, austur 3 reiti, suður 4 reiti og austur 3 reiti.  
 Bibbi fer austur 5 reiti, norður 5 reiti, austur 3 reiti og norður 3 reiti.  
 Kalli fer vestur 3 reiti, suður 3 reiti, vestur 5 reiti og suður 5 reiti.



**44. Hverjir enda í miðjunni sem er merkt X?**

- <sub>1</sub> Allir enda í miðjunni.
- <sub>2</sub> Elli endar í miðjunni.
- <sub>3</sub> Enginn endar í miðjunni.
- <sub>4</sub> Kalli endar í miðjunni.

**45. Doddi byrjar á að fara norður 4 reiti og vestur 4 reiti.**

**Hver eftirfarandi skrefa koma honum á reitinn sem er merktur X?**

- <sub>1</sub> norður 4 og vestur 2
- <sub>2</sub> vestur 3 og norður 4
- <sub>3</sub> norður 5 og vestur 2
- <sub>4</sub> vestur 3 og norður 3